

## TILSKIPUN RÁÐSINS 96/26/EB

frá 29. apríl 1996

### um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun ráðsins 74/561/EBE frá 12. nóvember 1974 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum í innanlands- og millilandaflutningum (4), tilskipun ráðsins 74/562/EBE frá 12. nóvember 1974 um aðgang að starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum í innanlands- og millilandaflutningum (5), og tilskipun ráðsins 77/796/EBE frá 12. desember 1977 um að stefnt skuli að gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi farmflytjenda og aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum, að meðtöldum ráðstöfunum sem ætlað er að hvetja þessa aðila til að neyta staðfesturéttarins (6), hefur verið breytt í veigamiklum atriðum við ýmis tækifæri. Til hagræðingar og glöggvunar ætti að fella þessar tilskipanir saman í einn texta.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. tíð. EB nr. L 124, 23. 5. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/97 frá 24. mars 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stj. tíð. EB nr. C 286, 14. 11. 1990, bls. 4 og breyting sem var komið á framfæri 16. desember 1993.

(2) Stj. tíð. EB nr. C 339, 31. 12. 1991, bls. 5 og Stj. tíð. EB nr. C 295, 22. 10. 1994, bls. 30.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 13. desember 1991 (Stj. tíð. EB nr. C 13, 20. 1. 1992, bls. 443) og frá 20. apríl 1994 (Stj. tíð. EB nr. C 128, 9. 5. 1994, bls. 136), sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. desember 1995 (Stj. tíð. EB nr. C 356, 30. 12. 1995) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 28. mars 1996 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(4) Stj. tíð. EB nr. L 308, 19. 11. 1974, bls. 18. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3572/90 (Stj. tíð. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 12).

(5) Stj. tíð. EB nr. L 308, 19. 11. 1974, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3572/90 (Stj. tíð. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 12).

(6) Stj. tíð. EB nr. L 334, 24. 12. 1977, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 89/438/EBE (Stj. tíð. EB nr. L 212, 22. 7. 1989, bls. 101) og leiðréttingu (Stj. tíð. EB nr. L 298, 17. 10. 1989, bls. 31).

Skipulagning flutningsmarkaðarins er eitt af höfuðatriðunum við framkvæmd hinnar sameiginlegu stefnu í flutningamálum sem kveðið er á um í sáttmálanum.

Samþykkt ráðstafana, sem miða að því að samræma skilyrði fyrir aðgangi að starfsgrein farmflytjenda á vegum eða aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum (sem nefnast hér á eftir „flutningsaðilar á vegum“), kemur að líkindum til með að auðvelda að staðfesturéttar sé neytt.

Nauðsynlegt er að setja ákvæði um að koma á sameiginlegum reglum um aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum í innanlands- og millilandaflutningum til að tryggja betur hæfi flutningsaðila og stuðla þannig að jafnvægi á markaðinum, auknum gæðum þjónustunnar í þágu neytenda, flutningsaðila og efnahagslífsins almennt og að auknu öryggi á vegum.

Af þeim sökum ættu reglurnar um aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum að kveða á um góðan orðstír, fullnægjandi fjárhagsstöðu og starfshæfni flutningsaðila.

Hins vegar þurfa þessar sameiginlegu reglur ekki að ná yfir þær tegundir flutninga sem hafa takmarkað efnahagslegt gildi.

Frá 1. janúar 1993 hefur aðgangur að markaði fyrir flutninga yfir landamæri verið háður tilteknu kerfi bandalagsleyfa sem gefin verða út á grundvelli efnislegra viðmiðana.

Að því er varðar kröfur um góðan orðstír er nauðsynlegt, til þess að unnt sé að endurskipuleggja markaðinn á árangursríkan hátt, að leyfi til að stunda flutninga sé alfarið háð því að umsækjandi hafi ekki verið dæmdur fyrir alvarleg lagabrot, þar með talið á sviði viðskipta, að hann hafi ekki verið lýstur óhæfur til þess að starfa við þessa atvinnugrein og að hann hafi virt reglurnar sem gilda um starfsgrein flutningsaðila.

Að því er varðar kröfur um fullnægjandi fjárhagsstöðu er nauðsynlegt, einkum til þess að tryggja að fyrirtæki fái sömu meðferð í einstökum aðildarríkjum, að mæla fyrir um tiltekna viðmiðanir sem flutningsaðilar verða að fara eftir.

Að því er varðar góðan orðstír og fullnægjandi fjárhagsstöðu ber að viðurkenna viðeigandi skjöl, sem lögbært yfirvald í upprunalandi flutningsaðilans eða landinu sem hann kemur frá gefur út, sem nægilega sönnun fyrir aðgangi að viðkomandi starfsgreinum í gistiríki.

Að því er varðar kröfur um starfshæfni er rétt að kveða á um að flutningsaðilinn, sem sækir um, sýni hæfni sína með því að gangast undir skriflegt próf, þótt aðildarríkjum sé heimilt að undanþiggja umsækjanda prófi sýni hann fram á að hann búi yfir fullnægjandi starfsreynslu.

Að því er varðar starfshæfni verður gistiríkið að viðurkenna vottorð sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum bandalagsins um aðgang að starfsgrein flutningsaðila sem næga sönnun.

Gera þarf ráðstafanir til að koma á kerfi fyrir gagnkvæma aðstoð milli aðildarríkjanna varðandi beitingu þessarar tilskipunar.

Þessi tilskipun má ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna er varða tímamörk vegna framkvæmdar eða beitingar þeirra tilskipana sem getið er í B-hluta II. viðauka.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### I. BÁLKUR

#### 1. gr.

#### Aðgangur að starfsgrein farmflytjenda á vegum

1. Aðgangur að starfsgrein farmflytjenda á vegum eða aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum er háður ákvæðum sem aðildarríkin samþykkja í samræmi við hinar sameiginlegu reglur sem fjallað er um í þessari tilskipun.

2. Að því er þessa tilskipun varðar merkir:

- „starfsgrein farmflytjenda á vegum“ starfsemi fyrirtækis sem flytur vörur gegn þóknun eða gjaldi annaðhvort með sjálfhleðsluvagni eða ökutæki með tengivagni eða -vögnum,
- „starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum“ starfsemi fyrirtækis sem notar til starfsins vélknúin ökutæki sem eru byggð og útbúin til þess að flytja fleiri en níu manns - að meðtöldum bílstjóra - og notuð í þeim tilgangi til farþegaflutninga fyrir almenning eða til að flytja sérstaka hópa fólks gegn greiðslu farþega eða þess aðila sem skipuleggur flutningana,
- „fyrirtæki“ einstakling eða löggjafari, hvort sem viðskiptin eru stunduð í ábataskyni eða ekki, samtök eða hóp fólks án réttarstöðu lögaðila, hvort sem viðskiptin eru stunduð í ábataskyni eða ekki, eða opinbera stofnun sem hefur hvort heldur sem er réttarstöðu lögaðila eða tilheyrir yfirvaldi sem hefur slíka réttarstöðu.

#### 2. gr.

1. Þessi tilskipun gildir ekki um fyrirtæki sem stunda starfsemi farmflytjenda á vegum með ökutækjum sem mega taka allt að þrjú og hálf tonn eða ef heildarþungi fer ekki yfir sex tonn alls.

Aðildarríkin geta þó lækkað þessi mörk í öllum eða sumum greinum flutningastarfsemi.

2. Aðildarríkin geta, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, veitt fyrirtækjum, sem stunda eingöngu farmflutninga á vegum innanlands, undanþágu frá öllum eða sumum ákvæðum þessarar tilskipunar, enda hafi þessir flutninga hverfandi áhrif á flutningsmarkaðinn vegna:

- eðlis vörutegundanna sem fluttar eru, eða
- þess hversu stutta vegalengd er um að ræða.

Þegar um er að ræða ófyrirsjáanlegar aðstæður geta aðildarríkin veitt tímabundna undanþágu þar til samráð hefur verið haft við framkvæmdastjórnina.

3. Aðildarríkin geta, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, veitt fyrirtækjum, sem annast farþegaflutninga sem ekki eru stundaðir í ábataskyni eða sem hafa annað starf en farþegaflutninga að aðalstarfi, undanþágu frá öllum eða sumum ákvæðum þessarar tilskipunar að því tilskildu að flutningastarfsemi þeirra hafi einungis lítil áhrif á flutningsmarkaðinn.

#### 3. gr.

1. Fyrirtæki sem vilja starfa sem flutningsaðilar á vegum skulu:
- a) hafa góðan orðstír;
  - b) hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu;
  - c) fullnægja skilyrðum um starfshæfni.

Ef umsækjandi er einstaklingur og fullnægir ekki kröfu c- liðar, geta lögbær yfirvöld engu að síður heimilað honum að starfa sem flutningsaðili á vegum, að því tilskildu að hann tilkynni umræddum yfirvöldum um tilnefningu annars einstaklings sem fullnægir kröfum a- og c-liðar og stýrir flutningum fyrirtækisins að staðaldri og í reynd.

Ef umsækjandi er ekki einstaklingur:

- verður einstaklingur eða einstaklingar sem stýra flutningastarfsemi fyrirtækisins í reynd og að staðaldri að uppfylla kröfu a-liðar. Aðildarríkin geta farið fram á að aðrir einstaklingar í fyrirtækinu uppfylli einnig þessa kröfu,
- verður einstaklingur eða einstaklingar sem um getur í fyrsta undirlið að uppfylla kröfu c-liðar.

2. Aðildarríki skulu ákvarða hvaða skilyrðum fyrirtæki með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra verða að fullnægja til þess að uppfylla kröfuna um góðan orðstír.

Þau skulu kveða á um að þessar kröfur séu ekki uppfylltar, eða ekki lengur uppfylltar, ef einstaklingur eða einstaklingar sem talið er að eigi að fullnægja þessum skilyrðum samkvæmt 1. mgr.:

- a) hafa verið dæmdir fyrir alvarleg lagabrot, þar með talið á sviði viðskipta;
- b) hafa verið yfirlýstir óhæfir til þess að starfa við farmflutninga á vegum samkvæmt gildandi reglum;
- c) hafa verið dæmdir fyrir alvarleg, endurtekin brot á gildandi reglum um:
  - launa- og starfsskilyrði í greininni, eða
  - farmflutninga eða farþegaflutninga á vegum, eftir því sem við á, einkum reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, mál og þyngd ökutækisins sem notað er, umferðaröryggi og öryggi ökutækis.

Í þeim tilvikum sem um getur í a-, b- og c-liðum skal krafan um góðan orðstír teljast óuppfyllt þar til uppreisn æru eða aðrar ráðstafanir sem hafa sömu áhrif hafa verið gerðar samkvæmt gildandi landslögum þar að lútandi.

3. a) Fullnægjandi fjárhagsstaða felur í sér að hafa aðgang að nægilegu fjármagni til að koma fótum undir fyrirtækið og örugga stjórnun þess.
- b) Til þess að meta fjárhagsstöðu skal lögbært yfirvald taka mið af: ársreikningum fyrirtækisins, ef þeir eru til; tiltækum sjóðum, þar með talið bankainnstæðu, láns- og yfirdráttarheimildum; öllum eignum, þar með talið eignum sem fyrirtækið getur veðsett; kostnaði, þar með talið kostnaði vegna kaupa á ökutækjum eða fyrstu greiðslur af þeim, húsnæði eða öðrum búnaði ásamt hreinu veltufé.
- c) Fyrirtækið verður að hafa tiltækt fjármagn og sjóði sem eru að minnsta kosti:
  - 3 000 evrópskar mynteiningar (ECU) á hvert ökutæki, eða
  - 150 evrópskar mynteiningar (ECU) fyrir hvert tonn af leyfilegri hámarksþyngd ökutækjanna sem fyrirtækið notar til farmflutninga, eða
  - 150 evrópskar mynteiningar (ECU) á hvert sæti í ökutækjum sem fyrirtækið notar til farþegaflutninga,

en krafist er þeirrar upphæðar sem gefur lægri niðurstöðutölu.

Aðildarríkjunum er heimilt að veita undanþágu frá fyrstu undirgrein þegar um er að ræða flutningafyrirtæki sem eingöngu reka starfsemi sína á innanlandsmarkaði.

- d) Að því er varðar a-, b- og c-lið er lögbæru yfirvaldi heimilað að taka gilda staðfestingu eða staðhæfingu banka eða annarrar viðurkenndrar stofnunar sem sönnun um fullnægjandi fjárhagsstöðu. Heimilt er að veita slíka staðfestingu eða staðhæfingu í formi bankaábyrgðar eða annarrar samsvarandi tryggingar.
- e) Ákvæði b-, c og d-liða gilda aðeins fyrir fyrirtæki sem frá 1. janúar 1990 hafa leyfi í aðildarríki samkvæmt landslögum til þess að stunda flutningastarfsemi á vegum.

4. Skilyrðið um starfshæfni felur í sér að viðkomandi búi yfir færni, sem skal staðfest með skriflegu prófi, sem getur verið fjölvalspróf skipulagt af yfirvaldi eða stofnun sérstaklega tilnefndri í þessu skyni af hverju aðildarríki fyrir sig í þeim greinum sem taldar eru upp í I. viðauka.

Aðildarríkin geta veitt flutningsaðilum á vegum, sem sækja um það, undanþágu frá því að gangast undir próf geti þeir sýnt fram á að þeir hafi að minnsta kosti fimm ára starfsreynslu á sviði stjórnsýslu í flutningafyrirtæki.

Aðildarríkin geta veitt handhöfum tiltekinna prófskírteina af æðri menntastigum eða prófskírteina úr tækniskólum undanþágu, þegar þessi prófskírteini eru til vitnis um haldgóða þekkingu í þeim greinum sem taldar eru upp í I. viðauka og tilgreindar sérstaklega í þessu skyni, frá því að vera prófaðir í þeim greinum sem prófskírteinin taka til.

Framvísa verður vottorði sem gefið er út af yfirvöldum eða þeim aðila sem um getur í fyrstu undirgrein til sönnunar á starfshæfni.

#### 4. gr.

Aðildarríkin skulu ákveða við hvaða aðstæður hægt er, þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr., að reka flutningsfyrirtæki tímabundið, að hámarki í eitt ár, með möguleika á endurnýjun til sex mánaða hið mesta, í sérstökum vel rökstuddum tilvikum komi til þess að einstaklingur sem er flutningsaðili eða einstaklingur sem fullnægir ákvæðum a- og c-liða 1. mgr. 3. gr. fellur frá eða verður líkamlega eða lagalega vanhæfur til að gegna starfinu.

Á hinn bóginn geta lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, með undantekningu og í sérstökum tilvikum, afdráttarlaust heimilað einstaklingi, sem fullnægir ekki skilyrðum um starfshæfni þá sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 3. gr., að starfrækja flutningsfyrirtæki hafi hann öðlast í það minnsta þriggja ára reynslu í daglegum rekstri umrædds fyrirtækis.

**5. gr.**

1. Fyrirtæki sem leggja fram sönnun þess að þeim hafi verið heimilað, fyrir:

- 1. janúar 1978, að því er varðar Belgíu, Danmörku, Þýskaland, Frakkland, Írland, Ítalíu, Lúxemborg, Holland og Breska konungsríkið,
- 1. janúar 1984, að því er varðar Grikkland,
- 1. janúar 1986, að því er varðar Spán og Portúgal,
- 3. október 1989, að því er varðar yfirráðasvæði Þýska alþýðulýðveldisins fyrrverandi,

samkvæmt innlendum reglugerðum aðildarríkis að starfa sem farmflytjendur eða aðilar sem stunda farþegaflutninga á vegum, eftir því sem við á, í innanlands- eða milliríkjaflutningum, eru undanþegnir þeirri kvöð að leggja fram sannanir fyrir því að ákvæðum 3. gr. sé fullnægt.

2. Hins vegar verða þeir einstaklingar sem eftir:

- 31. desember 1974 og fyrir 1. janúar 1978, að því er varðar Belgíu, Danmörku, Þýskaland, Frakkland, Írland, Ítalíu, Lúxemborg, Holland og Breska konungsríkið,
- 31. desember 1980 og fyrir 1. janúar 1984, að því er varðar Grikkland,
- 31. desember 1982 og fyrir 1. janúar 1986, að því er varðar Spán og Portúgal,
- 2. október 1989 og fyrir 1. janúar 1992, að því er varðar yfirráðasvæði Þýska alþýðulýðveldisins fyrrverandi,
- var heimilað að starfa sem farmflytjendur eða aðilar sem stunda farþegaflutninga á vegum, eftir því sem við á, án þess að leggja fram sannanir um starfshæfni samkvæmt innlendum reglugerðum, eða
- voru tilnefnir til að reka flutningsfyrirtækið að staðaldri og á viðhlítandi hátt,

að fullnægja skilyrðum um starfshæfni sem kveðið er á um í 4. mgr. 3. gr. fyrir:

- 1. janúar 1980, að því er varðar Belgíu, Danmörku, Þýskaland, Frakkland, Írland, Ítalíu, Lúxemborg, Holland og Breska konungsríkið,
- 1. janúar 1986, að því er varðar Grikkland,
- 1. janúar 1988, að því er varðar Spán og Portúgal,

- 1. júlí 1992, að því er varðar yfirráðasvæði Þýska alþýðulýðveldisins fyrrverandi.

Sömu kröfur eru gerðar í því tilviki sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 3. gr.

**6. gr.**

1. Ef lögbær yfirvöld aðildarríkjanna beita fyrir sig þeim ráðstöfunum sem gerðar eru á grundvelli þessarar tilskipunar og hafna umsókn um aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum þá verða þau að færa rök að ákvörðun sinni.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld dragi leyfi til að starfa sem flutningsaðili á vegum til baka ef sýnt þykir að ákvæðum a-, b- eða c-liðar 1. mgr. 3. gr. sé ekki lengur fullnægt. Í slíku tilviki skal þó gera ráð fyrir nægilegum tíma til að finna staðgengil í starfið.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að einstaklingar og fyrirtæki sem falla undir þessa tilskipun geti gætt hagsmuna sinna á viðeigandi hátt hvað varðar þær ákvarðanir sem um getur í 1. og 2. mgr.

**7. gr.**

1. Ef erlendir farmflytjendur eða aðilar sem stunda farþegaflutninga á vegum, eftir því sem við á, hafa gróflega brotið reglur eða margendurtekið brot á reglum sem gilda um farmflutninga, getur það leitt til þess að leyfi til að starfa sem flutningsaðili á vegum sé dregið til baka og ber aðildarríkjunum þá að senda aðildarríkinu þar sem flutningsaðilinn hefur staðfestu allar upplýsingar sem þau hafa yfir að ráða um þessi brot og þau viðurlög sem sett hafa verið.

2. Ef aðildarríki dregur til baka leyfi til að starfa sem flutningsaðili á vegum í millilandaflutningum, skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni sem sendir nauðsynlegar upplýsingar til hlutaðeigandi aðildarríkja.

3. Aðildarríki skulu veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð við beitingu tilskipunar þessarar.

**II. BÁLKUR****Gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi****8. gr.**

1. Aðildarríkin skulu grípa til ráðstafana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og snerta, á yfirráðasvæðum þeirra, staðfestu þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem um getur í I. bálki hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á staðfesturétti, með tilliti til þeirrar starfsemi sem um getur í þessari tilskipun <sup>(1)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 2, 15. 1. 1962, bls. 36/62.

2. Með fyrirvara um 3. og 4. mgr. skal gistiríki, að því er varðar aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum, taka „sakavottorð“ sem gildan vitnisburð um góðan orðstír og að ekki hafi komið til gjaldþrots, eða að öðrum kosti jafngilt skjal, sem gefið er út af þar til bæru dóms- eða stjórnvaldi í upprunalandi flutningsaðila eða í landi því sem hann kemur frá, er sýnir að skilyrðum sé fullnægt.

3. Fari gistiríki fram á það við eigin ríkisborgara að þeir fullnægi settum skilyrðum um góðan orðstír, en ekki er hægt að færa sönnur á að slíkum skilyrðum sé fullnægt með skjalinu sem um getur í 2. mgr., þá ber því ríki að taka gilt sem næga sönnun, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, vottorð sem gefið er út af þar til bæru dóms- eða stjórnvaldi í upprunalandinu eða í landinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá sem sýnir að skilyrðum hafi verið fullnægt. Í slíkum vottorðum þurfa að koma fram þær upplýsingar sem gistiríkið telur skipta máli.

4. Ef upprunalandið eða landið sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gefur ekki út skjalið sem krafist er samkvæmt 2. og 3. mgr., getur eiðsvarin yfirlýsing eða drengskaparheit hlutaðeigandi aðila frammi fyrir dóms- eða stjórnvaldi eða, eftir því sem við á, lögbókanda í upprunalandinu eða landinu sem viðkomandi kemur frá komið í staðinn. Umrætt yfirvald eða lögbókandi skal gefa út vottorð sem staðfestir áreiðanleika eiðsvörnu yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitsins. Yfirlýsingu varðandi gjaldþrot má einnig gefa frammi fyrir þar til bæri sérfræðistofnun í sama landi.

5. Skjöl sem gefin eru út samkvæmt 2. eða 3. mgr. gilda ekki lengur en í þrjá mánuði frá útgáfudegi. Þetta skilyrði gildir einnig um yfirlýsingar sem gefnar eru í samræmi við 4. mgr.

### 9. gr.

1. Í gistiríki þar sem krafist er vottorðs er sýni fjárhagsstöðu skal vottorð, sem gefið er út af bankastofnunum í upprunalandinu eða í landinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, eða af öðrum fjármálastofnunum sem tilnefndar eru af því landi, tekið jafngilt vottorðum sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

2. Fari aðildarríki fram á það við eigin ríkisborgara að þeir leggi fram sönnun þess að þeir fullnægi settum skilyrðum um fjárhagsstöðu sína, en ekki er hægt að færa sönnur á að slíkum skilyrðum sé fullnægt með skjalinu sem um getur í 1. mgr., þá ber því ríki að taka gilt sem næga sönnun, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, vottorð, sem gefið er út af lögbæru stjórnvaldi í upprunalandinu eða í landinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, sem sýnir að skilyrðum hafi verið fullnægt. Í slíku vottorði þurfa að koma fram þær upplýsingar sem gistiríkið telur skipta máli.

### 10. gr.

1. Frá og með 1. janúar 1990 skulu aðildarríkin viðurkenna, sem nægilega sönnun fyrir starfshæfni, þau vottorð sem um getur í fjórðu undirgrein 4. mgr. 3. gr. og gefin eru út af öðru aðildarríki.

2. Hvað varðar fyrirtæki sem hafa fyrir 1. janúar 1981, að því er varðar Grikkland, eða fyrir 1. janúar 1975, að því er varðar önnur aðildarríki, fengið leyfi samkvæmt innlendum ákvæðum aðildarríkis til að stunda starf farmflytjenda eða aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum í innanlands- eða millilandaflutningum og að því tilskildu að viðkomandi fyrirtæki séu félag eða fyrirtæki samkvæmt skilningi 58. gr. sáttmálans, skulu aðildarríkin viðurkenna vottorð, sem staðfesta að umrædd starfsemi hafi verið stunduð í aðildarríki um þriggja ára skeið, sem næga sönnun fyrir starfshæfni. Ekki mega hafa liðið meira en fimm ár frá því starfseminni lauk þar til vottorðið er lagt fram.

Ef um er að ræða lögaðila skal gefa út vottorð, sem staðfestir að starfsemin hafi verið stunduð, vegna eins þeirra einstaklinga sem stjórnar í raun flutningastarfsemi fyrirtækisins.

3. Vottorð sem gefin eru út til handa flutningsaðilum á vegum fyrir 1. janúar 1990 til sönnunar á starfshæfni samkvæmt ákvæðum sem eru í gildi fram að þeim degi teljast jafngild vottorðum sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.

## III. BÁLKUR

### 11. gr.

Aðildarríkjunum ber að tilnefna lögbær yfirvöld og stofnanir til að gefa út þau skjöl sem getið er í 2. mgr. 8. gr. og 9. gr. og vottorðið sem getið er í 2. mgr. 10. gr. Þeim ber að tilkynna það aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað.

### 12. gr.

Ákvæði 8. til 11. gr. ná einnig til ríkisborgara aðildarríkjanna sem stunda áfram starfsemi farmflytjanda eða aðila sem stundar farþegaflutninga á vegum sem launþegar samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins <sup>(1)</sup>.

### 13. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en við þau tímamót sem eru tíunduð í B-hluta II. viðauka, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 257, 19. 10. 1968, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2434/92 (Stjtið. EB nr. L 245, 26. 8. 1992, bls. 1).

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**14. gr.**

Tilskipanirnar sem eru taldar upp í A-hluta II. viðauka falli hér með úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna er varða tímamörk vegna framkvæmdar eða beitingar eins og um getur í B-hluta II. viðauka.

Tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar teljast vera tilvísanir í þessa tilskipun og skulu lesnar í samræmi við samanburðartöfluna í III. viðauka.

**15. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

**W. LUCHETTI**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### Skrá yfir greinar sem um getur í 4. mgr 3. gr.

Kunnáttan, sem taka ber tillit til við opinbera viðurkenningu á starfshæfni, verður að minnsta kosti að taka til þeirra greina sem taldar eru upp hér á eftir. Þeim verður að lýsa í smáatriðum og þær verða að vera skilgreindar eða viðurkenndar af lögbærum yfirvöldum í viðkomandi ríki. Námsefnið verður að vera þess eðlis að það sé á færi þeirra sem lokið hafa skólaskyldu eða hafa sambærilega menntun.

#### A. GREINAR SEM FLUTNINGSAÐILAR Á VEGUM, ER HYGGJAST EINUNGIS STARFA Í FLUTNINGUM INNANLANDS, ÞURFA AÐ KUNNA SKIL Á

##### Lög

Undirstöðuatriði einkamálaréttar og löggjafar á sviði verslunar, félagsmála og skattamála sem kunna þarf skil á til þess að stunda starfið, með sérstakri áherslu á:

- almenna samninga;
- flutningssamninga, með sérstakri skírskotun til ábyrgðar flutningsaðila (eðli og mörk);
- verslunarfélög;
- höfuðbækur;
- vinnulöggjöf og félagslegt öryggi;
- skattakerfi.

#### 1. Farmflytjendur á vegum

##### a) Viðskipta- og fjárhagsstjórnun fyrirtækis

- greiðsluaðferðir og fjármögnun;
- kostnaðarútreikningar;
- verðlagning og flutningsskilmálar;
- viðskiptareikningar;
- tryggingar;
- gerð reikninga;
- flutningsumboð;
- stjórnunaraðferðir;
- markaðssetning.

##### b) Aðgangur að markaði

- ákvæði um aðgang að og iðkun starfsgreinarinnar;

- flutningsskjöl.
- c) *Tæknileg þekking og tæknilegar hliðar flutnings*
  - þyngd og mál ökutækis;
  - val ökutækis;
  - gerðarviðurkenning og skráning;
  - meginreglur um viðhald ökutækis;
  - hleðsla og afhleðsla ökutækis;
  - flutningur á hættulegum vörum;
  - flutningur á matvælum;
  - gildandi meginreglur um umhverfisvernd er varða notkun og viðhald vélknúinna ökutækja.
- d) *Öryggi á vegum*
  - lög og stjórnáskilgætur er varða umferð;
  - umferðaröryggi;
  - forvarnir gegn slysum og viðbrögð við slysum.

## 2. **Aðilar sem stunda farþegaflutninga á vegum**

- a) *Viðskipta- og fjárhagsstjórnun fyrirtækis*
  - greiðsluáferðir og fjármögnun;
  - kostnaðarútreikningar;
  - verðlagning og flutningsskilmálar;
  - viðskiptareikningar;
  - tryggingar;
  - gerð reikninga;
  - flutningsumboð;
  - stjórnunaraðferðir;
  - markaðssetning.
- b) *Reglugerð um farþegaflutninga*
  - stofnsetning flutningsþjónustu og gerð flutningsáætlana;
  - skilmálar um farþegaþjónustu;
  - ákvæði um aðgang að og iðkun starfsgreinarinnar;



- flutningsskjöl.
- c) *Tæknileg atriði, einnig varðandi rekstur*
  - val ökutækis;
  - gerðarviðurkenning og skráning;
  - meginreglur um viðhald ökutækis.
  - gildandi meginreglur um umhverfisvernd er varða notkun og viðhald vélknúinna ökutækja.
- d) *Öryggi á vegum*
  - lög og stjórnsýslufyrirmæli er varða umferð;
  - umferðaröryggi;
  - landfræðileg þekking á leiðum;
  - forvarnir gegn slysum og viðbrögð við slysum.

B. GREINAR SEM FLUTNINGSAÐILAR, SEM ÆTLA SÉR AÐ STARFA AÐ MILLILANDAFLUTNINGUM, ÞURFA AÐ KUNNA SKIL Á

**Lög**

- greinar sem taldar eru upp í A, eftir því sem við á,
- ákvæði um vöru- eða farþegaflutninga á vegum, eftir því sem við á, milli aðildarríkja og milli bandalagsins og landa utan bandalagsins sem tilkomin eru vegna innlendra laga, staðla bandalagsins, alþjóðasamninga og -samþykka,
- starfsvenjur og formsatriði þegar farið er yfir landamæri,
- helstu umferðarlagaákvæði í aðildarríkjunum.

## II. VIÐAUKI

### A-HLUTI

#### TILSKIPANIR ÚR GILDI FALLNAR

(sem um getur í 14. gr.)

- Tilskipun 74/561/EBE
- Tilskipun 74/562/EBE
- Tilskipun 77/796/EBE

og síðari breytingar á þeim:

- Tilskipun 80/1178/EBE
- Tilskipun 80/1179/EBE
- Tilskipun 80/1180/EBE
- Tilskipun 85/578/EBE
- Tilskipun 85/579/EBE
- Tilskipun 89/438/EBE
- Reglugerð (EBE) nr. 3572/90: einungis 1. og 2. gr.

### B-HLUTI

<i>Tilskipun</i>	<i>Tímamörk vegna framkvæmdar eða beitingar</i>
74/561/EBE (Stjttíð. EB nr. L 308, 19. 11. 1974, bls. 18)	1. janúar 1977 1. janúar 1978
80/1178/EBE (Stjttíð. EB nr. L 350, 23. 12. 1980, bls. 41)	1. janúar 1981
85/578/EBE (Stjttíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1985, bls. 34)	1. janúar 1986
89/438/EBE (Stjttíð. EB nr. L 212, 22. 7. 1989, bls. 101)	1. janúar 1990
74/562/EBE (Stjttíð. EB nr. L 308, 19. 11. 1974, bls. 23)	1. janúar 1977 1. janúar 1978
80/1179/EBE (Stjttíð. EB nr. L 350, 23. 12. 1980, bls. 42)	1. janúar 1981
85/579/EBE (Stjttíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1985, bls. 35)	1. janúar 1986
89/438/EBE (Stjttíð. EB nr. L 212, 22. 7. 1989, bls. 101)	1. janúar 1990
77/796/EBE (Stjttíð. EB nr. L 334, 24. 12. 1977, bls. 37)	1. janúar 1979
80/1180/EBE (Stjttíð. EB nr. L 350, 23. 12. 1980, bls. 43)	1. janúar 1981
89/438/EBE (Stjttíð. EB nr. L 212, 22. 7. 1989, bls. 101)	1. janúar 1990

**III. VIÐAUKI**  
**SAMANBURÐARTAFLA**

Tilskipun 74/561/EBE	Tilskipun 74/562/EBE	Tilskipun 89/438/EBE	Tilskipun 77/796/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr. fyrsti undirl. 2. mgr. 1. gr. - annar undirl. 2. mgr. 1. gr. 1. og 2. mgr. 2. gr. - 3. gr. 4. gr. 5. gr. 6. gr. 6. gr. a 7. gr.	1. mgr. 1. gr. - fyrsti undirl. 2. mgr. 1. gr. annar undirl. 2. mgr. 1. gr. - 3. mgr. 1. gr. 2. gr. 3. gr. 4. gr. 5. gr. 5. gr. a 6. gr.			1. mgr. 1. gr. fyrsti undirl. 2. mgr. 1. gr. annar undirl. 2. mgr. 1. gr. þriðji undirl. 2. mgr. 1. gr. 1. og 2. mgr. 2. gr. 3. mgr. 2. gr. 3. gr. 4. gr. 5. gr. 6. gr. 7. gr. - 1. mgr. 8. gr. 2. mgr. 8. gr. 9. gr. 1. mgr. 10. gr. 2. mgr. 10. gr. 3. mgr. 10. gr. 11. gr. 12. gr. 13. gr. 14. gr. 15. gr. A-hluti (Lög) í I. viðauka a-, b-, c- og d-liður í 1. lið A-hluta I. viðauka a-, b-, c- og d-liður
-	-	4. gr.	1. mgr. 1. gr. 3. gr. 4. gr. 1. mgr. 5. gr. 2. mgr. 5. gr.	-
-	-	5. gr.	6. gr. 2. mgr. 1. gr.	-
8. gr. 1. liður í A-hluta viðaukans 2., 3., 4. og 5. liður í A-hluta viðaukans -	7. gr. 1. liður í A-hluta viðaukans - 2., 3., 4. og 5. liður  í A-hluta viðaukans			í 2. lið A-hluta I. viðauka
B-hluti viðaukans	B-hluti viðaukans			B-hluti I. viðauka
-	-	-	-	A-hluti II. viðauka
-	-	-	-	B-hluti II. viðauka
-	-	-	-	III. viðauki